

21. Fuglalífið í bænum.
Dags.15.júní 1936.
VÍSIR, 1936.

Fuglalífið í bænum.

Fyrsta öndin á þessu vori kom í dag á Tjörnina, með þrjá unga sína. Önnur önd kom líflu síðar arkandi sunnan öll tún og hafði hún átta unga í eftirdragi; voru þeir göngupreyttir mjög. En sá fögnuður meðal fjölskyldunnar, er út í Tjörnina kom! Hún hafði sloppið vel við svartbakinn, sem sveimaði yfir henni á leiðinni, enda hafði hún stöðugar gætur á því, hvað honum leið og leit oft upp til hans. Kæmi hann nærri kúrði hún sig og unga sína niðri í grasinu eða í skurðunum og skreið svo með þá upp á bakkana og hélt síðan áfram næsta áfangann, uns hinu fyrirheitna landi var náð: Friðhelgaða stararenginu í syðri Tjörninni; en löng var leiðin og mörg líf var að verja. Eg og fleiri, er til þeirra sáum og stóðum hjá lendingarstaðnum, tókum eftir því, að öndin óttaðist ekki okkur svo mjög, eða börnin, sem urðu á vegi hennar og unganna, heldur hættuna ofan að: Svartbakinn!

Síðastliðið sumar var ágæt skytta fengin til þess að stytta svartbaknum aldur, því hann drap svo marga anda-unga fyrir allra augum, án þess að við því yrði gert á annan hátt. Mun einnig verða fyrir þessu séð í ár, að fengnu leyfi lögreglustjóra nú, eins og þá, því bannað er að skjóta af byssu hér í bænum og nágrenninu. Vilja allir þeir, er lífs unna hinum ungu og ósjálfbjarga smælingjum, anda-ungunum, mega vænta þess, að allir þeir hinir mörgu menn, ungir og gamlir, sem leið sína leggja nálægt Tjörninni, gæti þess sem best þeir geta, að láta ekki fuglana verða fyrir neinu ónæði eða áreitni og umfram alt reyni að forðast ungunum frá dauða í gini svartbaksins og annara skaðskemmdardýra, svo sem katta og rottu.

Síðan „Fuglavinafélagið Föni-ix“, sem nú telur um 40 efni-legra drengja, tók til starfa fyrir 2½ ári, hefir það án þess að láta mikið á sér bera, unnið gott og þarft verk, með því að hæna fjölda viltra fugla að Tjörninni, enda hefir það með aðstoð ýmsra góðra manna, einkum brauðgerðarmanna og matsöluhúsa, fengið fjölda viltra fugla ágætt friðland hér við Tjörnina og með því veitt

bæjarbúum mikla ánægju af að sjá hina sívaxandi fjölgun fuglanna með ári hverju. — Ein eða tvö andahjón eiga hreiður í hólmanum fram undan miðbæjarbarnaskólanum og lætur krian, sem þar annars ræður ríkjum, þau naðurlaus með öllu. Er hólminn nú jafnvel enn þéttbýlli en nokkru sinni áður og „alt í lagi“, aðeins er hann enn of lítill. Á suður-Tjörninni eru nú m. a. hrafns-andahjón ein og kriur við varp á flekanum og einnig í litla hólmanum syðst í þeirri tjörn, ásamt óðinshönum, er egg eiga þar nærri. Flekinn er fuglunum kærkominn til að viðra sig á, og væri ágætt að eiga þar fallegan hólma, ásamt öðrum nýjum í nyrðri Tjörninni. En einkum væri þó æskilegt að leiða heitt vatn í syðri Tjörnina sunnanverða, því þá gætu fuglarnir hafst þar við allan veturinn og þyrftu ekki að flýja fram fyrir opna byssukjaftana á veturna, eins og þeir urðu að gera í vet-

ur, þegar frostin komu. — Skömmu eftir veturnæturnar í haust voru taldar 226 viltar endur í Tjörninni og 13 svanir, þá er flestir voru. Undir sumar-málin voru endurnar aðeins 67 og svanirnir aðeins 2, og hafa þeir verið hér öðru hvoru síðan.

Menn sjá það æ betur og betur, hvaða þýðingu það hefir fyrir uppeldi barna hér í þessum bæ, sem annarsstaðar, að fuglalífið nálægt aðalskemti-stað barnanna sé friðað sem best og verði sem allra fjöl-skrúðugast. Viðast hvar erlendis er árlega miklu fé til þessa kostað og þykir það borga sig vel.

Reykjavík 15. júní 1936.

Jón Pálsson.